

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2018

2021/EES/13/05

frá 6. júlí 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/338 frá 7. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldissvín, gyltur, aukategundir svína til eldis eða undaneldis, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, allar aðrar fuglategundir (að undanskildum varpfuglum) og fráferugrísí (leyfishafi er BASF SE) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/347 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem fóðuruakefni fyrir smágrísi og gyltur og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1847/2003 og (EB) nr. 2036/2005 (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við liði 1zi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1847/2003) og 1zzs (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005):

„– **32018 R 0347:** Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/347 frá 5. mars 2018 (Stjtið. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 21).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 251. lið (framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/250):

„252. **32018 R 0338:** Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/338 frá 7. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldissvín, gyltur, aukategundir svína til eldis eða undaneldis, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, allar aðrar fuglategundir (að undanskildum varpfuglum) og fráferugrísí (leyfishafi er BASF SE) (Stjtið. ESB L 65, 8.3.2018, bls. 17).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 65, 8.3.2018, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 21.

253. **32018 R 0347**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/347 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem fóðuraukefni fyrir smágrísi og gyltur og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1847/2003 og (EB) nr. 2036/2005 (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) (Stjtið. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/338 og (ESB) 2018/347, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.